



15. stjórnarfundur LH

31. ágúst kl. 20:30 Skype fundur

Mættir: Lárus Ástmar Hannesson, Jóna Dís Bragadóttir, Ólafur Þórisson, Helga B. Helgadóttir, Andrea Þorvaldsdóttir, Eyþór Gíslason og Haukur Baldvinsson úr aðalstjórn og Sóley Margeirsdóttir, Magnús Benediktsson og Ingimar Ingimarsson úr varastjórn.

Fjarverandi: S. Rúnar Bragason og Stefán G. Ármannsson úr varastjórn.

1. Samþykktir fyrri fundargerða

Fundargerðir 10, 11, 12 og 13 hafa verið samþykktar. Athugasemdir við fundargerð 14.

2. Metumsókn frá Fákí

Verður tekin fyrir á næsta fundi. LÁH boðar fulltrúa keppnis og laganefndar á fundinn.

3. Drög að starfsáætlun 2017 – 2018

Fundardagskrá vetrarins hefur verið send stjórnarmönnum til skoðunar.

4. Landsmót 2018

LÁH verið í sambandi við Áskel Heiðar frkvstj. LM 2018 og er fyrirhugaður fundur stjórnarmanna LH og LM með Fáksmönnum þar sem farið verður yfir stöðu mótsins.

5. Landsmót 2016

Skýrsla mótsins tilbúin. Rýna í hana með höfundum Áskeli Heiðari.

Hugmynd að taka hana inná formannafund sem stutt erindi til kynningar.

6. Samningur við Sprett vegna Landsmóts 2022

LÁH talaði við formann Sprettis vegna samnings um LM 2022, sem verður á sömu nótum og samningurinn við Fák.

7. Landsliðsnefnd / Holland

Formaður landsliðsnefndar gefur ekki kost á sér áfram og þarf að finna mann í hans stað. Verið er að loka reikningum og liðsstjóri mun skila skýrslu. Þarf að vinnast fljótt.

JDB segir frá fundi með landsliðinu á Sólvangi 21. ágúst, þar sem farið var yfir hvað tókst vel og hvað betur mætti fara.

Mótið tókst vel og margir sem horfðu á útsendingar RÚV, ánægja með umfjöllunina. Valgreiðslan sem styrkur til Landsliðsins, sem fyrirhugað var að senda á félagi í hestamannafélögum hefur ekki verið send út vegna galla í Felix, en hann er nú kominn í lag og verður greiðslan því send út núna í haust kr. 2.900,-

8. Norðurlandasamstarf NIHC

Skrifað undir samstarfssamning NIHC (Nordic Icelandic horse collaboration) milli

Norðurlandanna, Tilgangur nefndarinnar er að geta sótt í sjóði Norðurlandaráðanna og fleiri sjóða sem vinna með samnorræn verkefni. Verkefni nefndarinnar er að fara yfir ýmis lög og reglur og reyna að samræma þau á milli landanna eins og hægt er. Einnig samræma menntun og æskulýðsstarf.



9. Samút

LH átti áheyrnarfulltrúa í Samút, en ekki verið virkur í nokkurn tíma. Finna kandidat í nefndina.

10. Verkefni stjórnarmanna á vegum LH (nefndir, stjórnir, verkefni)

Stjórnarmenn taki saman fyrir næsta stjórnarfundi hvaða nefndum þeir starfa í á vegum LH.

11. Uppskeruhátíð 28. október.

Auglýsing fór í loftið í dag. Undirbúningur á fullu í höndum Magnúsar Benediktssonar.

Knapar verða heiðraðir og samþykkt var að bæta við titlinum Ungmenni ársins.

Umræða um að funda þarf með RÚV mönnum, Gísli Einarsson og Óskari Nikulás tímanlega til að tryggja útsendingu á Íslandsmótum og fleiri mótum. Aftur kom upp umræðan um nauðsyn þess að hafa PR fulltrúa, má semja við PR fyrirtæki sem kæmi inn í einstaka viðburði. Þurfum að vera sýnilegri.

12. Heiðursmerki LH

Heiðursmerki LH hafa verið afhent á Uppskeruhátíð. Fara í vinnu við reglugerð um heiðursfélaga og gullmerkishafa. Þarf að klárast 20 september. AMP?

Uppfæra á heimasíðu LH nánar um gullmerkishafa og heiðursfélaga, setja inn mynd af viðkomandi og tilefni heiðrunar, verkefni skrifstofu.

13. Önnur mál

a) Fundur með ráðherra vegna reiðvegaráðstefnu

HBH og Halldór Halldórsson fóru á fund samgönguráðherra og kynntu fyrirhugaða ráðstefnu og buðu ráðherra á setningu. Ráðherra voru kynnt ýmis mál sem brenna á LH svo sem ósk um aukið fé til reiðvegaviðhalds og fleira. Ráðherra vill aukið samstarf við LH og verður boðað til fundar í tengslum við það. Gert verður minnisblað um fundinn. Auglýsa ráðstefnuna sem fyrst

b) Sýnum karakter 13-25 ára

Ráðstefna á vegum ÍSÍ sem kallar eftir 2 fulltrúum hestamanna á aldrinum 13 - 25 ára. AMP, SM og HBH velja fulltrúa fyrir 5. september.

c) Formannafundur

AMP er að fara yfir tillögur Landsþings og kemur með yfirlit á næsta fund.

d) Fundaferðir

Haldnir hafa verið fundir á vegum FT og dómarafélaganna um mótamál og fleira. Æskilegt að LH sé einnig á þessum fundum. JDB kannar samstarf.

*Ekki fleira tekið fyrir. Fundi slitið um 21.50
Fundargerð ritaði Helga B Helgadóttir.*